



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Janúar 2018



3. janúar 2018

Kæru forráðamenn,

Gleðilegt nýtt ár

Árið 2018 hefur nú heilsað okkur með nýjum áskorunum og verkefnum.

Spennandi ár framundan en í ár eru 110 ár síðan bændur í Glerárþorpi settu á stofn sinn eigin skóla og byggðu skólahúsnæði í Bótinni. Við munum gera þessum tímamótum góð skil og halda upp á afmælið þegar líður á árið.

Nú í jan/feb. ætlum við að vinna að umgengnis og agamálum í skólanum. Þar munum við virkja nemendur, starfsfólk og foreldra til samráðs og samvinnu. Ætlunin er að halda skólaping þar sem afrakstur þessarar vinnu verður kynntur af nemendum. Ýmis verkefnavinna mun fara fram og verða þau verkefni sýnileg í skólanum.

Síðastliðið ár hefur Eyrún H. Skúladóttir skólastjóri Glerárskóla verið í veikindaleyfi. Nú er ljóst að Eyrún mun ekki koma til starfa á þessu skólaári. Eyrún hefur sótt um launalaust leyfi út júlímánuð en mun snúa til fyrri starfa þann 1. ágúst n.k. Við undirrituð sem höfum sinnt stjórnendastörfum við Glerárskóla það sem af er þessu skólaári munum því sinna þeim störfum áfram til vors.

„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!“

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,

Helga, Tómas Lárus og Aðalheiður

Skipulagsdagur og viðtalsdagur í janúar

15. janúar: Skipulagsdagur hjá öllu starfsfólki Glerárskóla. Nemendur í frí. Frístund lokuð.

16. og 17. janúar eru viðtals dagar. Nemendur koma í viðtöl ásamt forráðamönnum. Skráning í viðtöl fer fram á Mentor. Frístund er opin frá kl. 8:00 fyrir þau börn sem þar eru skráð.

Að þessu sinni er gert ráð fyrir að viðtölin séu í 20 mínútur fyrir hvern nemanda.

Viðtölin eru hugsuð til að ræða um nám, frammistöðu og líðan nemenda í skólanum og hvernig hægt sé að gera skólavistina sem árangursríkasta fyrir hvern og einn. Skráning í viðtöl verða á Mentor og mun ritari senda upplýsingar um hvenær opnað verður fyrir skráningu.

Umsjónarmaður frístundar er einnig til viðtals þessa daga.

5 tbl. 7. árg

Til umhugsunar:

- *Gleði*
- *Markmið*
- *Samvinna*
- *Þrautseigja*

Efnisyfirlit:

Janúar 2018	1
Skipulagsdagur og viðtals dagar	1
Læsi	2
Vetrarfrí	2
Námsmat	2
Veikindi og leyfi	3
Helstu viðburðir	3
Samskipti JA	4
Niðurstöður Olweusarkönnunar	4

Læsi

Einn af grunnþáttum menntunar er læsi.

Til þess að ná góðum tókum á lestri er æfing mikilvæg. Þáttur foreldra í lestrarþjálfun barna er óumdeilanlega mikilvægur.

Leik- og grunnskólar á Akureyri hafa í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar HA unnið að og gert opinbera læsisstefnu þar sem allir þættir læsis eru lagðir til grundvallar þ.e. samræða, tjáning og hlustun; lestur og lesskilningur og miðlun/ritun.

Læsisstefnu Akureyrarbæjar má finna á þessari slóð:

www.lykillinn.akmennt.is

Menntamálastofnun hefur gefið út [lesfimiviðmið](#) fyrir 1.—10. bekk sem eru eins konar vörður sem sýna ákveðin stígangandi í lesfimi frá einum bekk til annars.

Við lestrarprófum alla nemendur í skólanum í september, janúar og maí og birtum þær niðurstöður í Mentor.

*Niðurstöður
samræmdra prófa í
4 og 7 bekk lágu
fyrir í lok síðasta
árs. Það er óhætt að
segja að nemendur
okkar í 4. og 7. bekk
hafi staðið sig mjög
vel í
þessum prófum og
erum við ákaflega
sátt við
niðurstöðurnar.*

Vetrarfrí og frístund

Vetrarfrí á vorönn verður dagana 14.—16. febrúar. Þessa daga verður frístund lokuð á skólatíma en möguleiki er að skrá nemendur 1.—4. bekkja í frístund frá kl. 13:00.

Námsmat

Í aðalnámskrá er kveðið á um að námsmat skuli vera reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur þess er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár og nemendur örvaðir til framfara.

Nú eru kennarar að æfa sig í að birta námsmatið á nýju formi sem kallast hæfnikort. Þeir eru komnir mislangt og biðjum við ykkur foreldra að sína þeim þolinmæði við vinnuna.

Námsmat birtist á hæfnikorti nemenda í Mentor. Hæfnikortið er fyllt út jafnt og þétt yfir skólaárið. Athugið að fleiri en eitt hæfnikort geta tilheyrt sömu námsgrein, t.d. íslensku en þá birtist ör sem hægt er að smella á til að fara á milli hæfnikorta. Hæfnikort birtist ekki nemenda fyrr en kennari er byrjaður að meta. Þá sjást metin viðmið í viðeigandi námsgrein en einnig er hægt að sjá öll viðmið sem liggja til grundvallar með því að smella á heildarlista. Sumir kennarar kjósa að búa viðmið skólanámskrár niður í hnitmiðaðri markmið, þá birtist flipi sem heitir námsmarkmið. Þar birtist einnig mat á sérstökum verkefnum þar sem það á við en sá flipi kallast verkefni. Hafi kennarar gert námslotu fyrir ákveðið tímabil í námsgreininni og valið þar inn hæfniviðmið til að meta þá birtist námslotan einnig undir námsmatsflísinni. Þar má sjá hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar í lotunni.



Veikindi og leyfi

Ef nemendur eru veikir skal láta skólann vita dag hvern, helst strax að morgni. Nemendur 1.—7. bekkja geta ekki fengið að vera inni fyrir eða eftir veikindi nema um afar sérstakar aðstæður sé að ræða.



Ef nemendur þurfa leyfi frá skóla af einhverjum sökum skal hafa samand við umsjónarkennara vegna leyfa allt að tveimur dögum. Ef óskað er eftir lengra leyfi skal sækja um það til skólastjóra á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á heimasíðu skólans. Það eru ætíð forráðamenn sem sækja um leyfi fyrir nemendur enda bera þeir ábyrgð á námi þeirra.

Ef nemandi fær leyfi frá skóla ber forráðamönnum að sjá til þess að hann dragist ekki aftur úr í námi og fylgi námsáætlun í hvívetna. Athugið að ekki er sjálfgefið að próf eða verkefni séu færð til þó nemandi fari í leyfi frá skóla.

2. febrúar

Dagur stærðfræðinnar

Smiðjudagur í Glerárskóla



„Án menntunar
hjartans er engin
menntun!”

Sókrates

Helstu viðburðir í janúar og febrúar 2018

- 11. janúar: 9. bekkur—Eiðurinn bíósýning í Hofi
- 15. janúar: Skipulagsdagur—nemendur í fríi og frístund lokuð
- 16. og 17. janúar: Viðtalsdagar
- 2. febrúar: Smiðjudagur—Dagur stærðfræðinnar



Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá
kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún
opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á Facebook:
Glerárskóli

BÚNAÐUR OG EIGNIR —ATHUGIÐ VEL!

Við viljum benda forráðamönnum á að öll
tæki sem nemendur koma með í skólann,
s.s. símar, spjaldtölvur, hjól, hlaupahjól,
sleðar, bretti og annar búnaður, eru á
ábyrgð heimilis.

Einnig minnum við forráðamenn á að
merkja eigur nemenda vel.

Samskipti - Jákvæður agi

Agi er mikilvægur þáttur í skólastarfi. Hegðun hvers og
eins hefur áhrif á heildina og allir þurfa að temja sér sjálf-
saga og námsaga. Meðal grundvallarréttinda nemenda
er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð
sem bestum tökum á náminu og kennslan nýtist þeim
sem best.

Til þess að vera virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi
þurfa nemendur að tileinka sér góða samskiptahæfni,
virðingu, umburðalyndi og skilning á uppbyggingu
lýðræðislegs þjóðfélags (Aðalnámskrá bls. 45).

Agastefna Glerárskóla—Jákvæður agi—byggir á sjálf-
stjórnarkenningum sem miða m.a. að því að hver og einn
læri að taka ábyrgð á eigin hegðun.

Við viljum minna foreldra á [reglugerð](#) um ábyrgð og
skyldur skólasamfélagsins sem kveður m.a. á um ábyrgð
foreldra á hegðun barna sinna.

Niðurstöður einletiskönnunar Olweusar

Í byrjun desember var einletiskönnun Olweusar lögð fyrir nemendur
í 5.-10. bekk. Þessi könnun hefur verið lögð fyrir nemendur hér síðan
2002 og því höfum við góðan samanburð milli ára.

Niðurstöður könnunar sýndu 6% einelti.

Þegar er hafin vinna til úrbóta.

Niðurstöður verða kynntar á fundi með foreldrum sem boðað verður
til síðar í janúar. Þá munu niðurstöður verða birtar á heimasíðu
skólans.

Munum eftir endurskinsmerkjunum



Sjáumst!!